



FUNDARGERÐ 142. FUNDAR HEILBRIGÐISNEFNDAR VESTURLANDS

Mánudaginn 27. mars 2017 kl: 16 var haldinn fundur hjá Heilbrigðisnefnd Vesturlands á bæjarskrifstofum Akraneskaupsstaðar, Stillholti.

Á fundinum voru:

Ingibjörg Valdimarsdóttir (IV), formaður
Eyþór Garðarsson (EG)
Hulda Hrönn Sigurðardóttir (HHS)
Sigrún Guðmundsdóttir (SG)
Trausti Gylfason (TG)
Ragnhildur Sigurðardóttir (RS)
Brynja Þorbjörnsdóttir (BP)

Á fundinum voru auk nefndarmanna Helgi Helgason framkvæmdastjóri og Ása Hólmarsdóttir heilbrigðisfulltrúi sem ritaði fundargerð. Dagskrá hófst með heimsókn í hreinsistöð OR-Veitna á Akranesi.

1. Skoðunarferð í hreinsistöð OR-Veitna við Ægisbraut á Akranesi.

Gissur Þór Ágústsson hjá OR-Veitum tók á móti nefndinni og starfsmönnum HeV og fræddi hópinn um starfsemi hreinsistöðvar og um fráveitumál á Akranesi og Borgarnesi. Ný húsakynni og mannvirki OR á Ægisbraut skoðuð í fylgd Gissurar. Stefnt er að taka hreinsistöðina á Akranesi í notkun um mánaðarmótin apríl/maí n.k og hreinsistöðina í Borgarnesi síðar á árinu.
Heilbrigðisnefnd þakkar Gissuri Þór fyrir góðar móttökur.

Fundur hófst á bæjarskrifstofu Akraneskaupsstaðar á Stillholti kl: 17:05.

Ingibjörg Valdimarsdóttir formaður bauð fundarmenn velkomna og hófst síðan almenn dagskrá fundarins.

2. Ársreikningur 2016.

Framkvæmdastjóri kynnti ársreikning 2016.
*Ársreikningur samþykktur og undirritaður
Samþykkt að leggja ársreikninginn fyrir aðalfund HeV sem verður haldinn þann 29. mars n.k. á Hótel Hamri við Borgarnes.*

3. Erindi frá Umboðsmanni Alþingis, dags. 27.feb'17, vegna Holtsflatar 9 Akranesi/Búsetuþjónusta fatlaðra.

Framkvæmdastjóri kynnti málavöxtu og erindið frá Umboðsmanni Alþingis sem er trúnaðarmál. Búið er að senda umboðsmanni svar og trúnaðargögn tengd málinu.

Lagt fram til kynningar.

4. Heimagisting í óleyfi.

Sýslumaðurinn á Höfuðborgarsvæðinu hefur skráð tvo gististaði á Vesturlandi, sem hafa ekki starfsleyfi frá HeV, á opinberan „heimagistingar-lista“ embættisins.

Framkvæmdastjóri greindi frá málinu og viðbrögðum embættis Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu við fyrirspurn frá HeV vegna þessa.

Heilbrigðisnefnd hefur áhyggjur af þróun mála í þessum málaflokki þar sem ferlið er óskilvirkt og ekki til einföldunar. Framkvæmdastjóra falið að senda Sýslumanni á höfuðborgarsvæði ítrekað erindi og óska eftir leiðbeiningum um hvernig fara eigi með gististaði sem hafa verið skráðir en hafa ekki fengið starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd.

5. Olíudreifing Litla-Sandi. Meðhöndlun olíumengaðs úrgangs – Auglýsing og umsagnir.

Skipulagsfulltrúi Hvalfjarðarsveitar hefur beðið um frest til að skila inn umsögn þar til sveitarstjórn hefur fjallað um málið. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við starfsleyfið.

Frestur samþykktur. Málinu frestað til næsta fundar og framkvæmastjóra falið að upplýsa umsækjanda um framgang málsins í samræmi við umræður á fundinum.

6. Starfsleyfi.

- BM Vallá ehf, Höfðaseli 2, Akranesi. Steypustöð.- *Endurnýjun.*
- Gámastöðin Sólbakka 12 í Borgarnesi. Borgarbyggð, Móttaka á sorpi.- *Endurnýjun*
- Meitill – GT Tækni ehf. Katanesvegi 3, Grundartanga. Verkstæði fyrir málm-, rafmagns-og smurvinnu.- *Endurnýjun.*
- Norðursýn ehf, Faxabraut 3, Akranesi. Vinnsla og frýsting sjávarafurða. – *Nýtt*
- UST, almenningsalerni Malarrifi, Snæfellsbæ.- *Nýtt*
- Daggæsla Reynigrund 47, Akranesi. Dagvistun 6-10 barna. - *Nýtt*
- Eðalfiskur Vallarás 7-9 Borgarnesi. *Nýtt*
- Arctic Protein ehf Sólbakka 4 Borgarnesi. Auglýsingu lokið.- *Nýtt*

-Heimagisting „90 daga“:

- Borgarholt Akranesi. Íbúð – *Nýtt*
- Grundargata 6, Grundarfjörður, neðri hæð. – *Nýtt (áður útgefið rekstrl. sýsl)*
- Neðri-Hóll, Snæfellsbær, 2 gistiherbergi. - *Nýtt*
- Kjarvalströð 9, Hellnum. Frístundahús. – *Nýtt*
- Vesturgata 105, Akranesi. Íbúð, neðri hæð. – *Nýtt*
- Furugrund 26, Akranesi. Íbúð, neðri hæð. – *Nýtt*
- Selásar 24, Munaðarneslandi. Frístundahús- *Nýtt*
- Hjallholt 12, Þórisstaðir, Hvalfjarðarsveit. Frístundahús. – *Nýtt*
- Eyrarskógur 34, Eyri, Hvalfjarðarsveit. Frístundahús – *Nýtt*
- Kjarvalströð 11, Hellnum. Frístundahús. – *Nýtt.*
- Silfraskógar, Magnússkógum, Dalabyggð. Frístundahús – *Nýtt.*
- Lækjarhvammi 11, Búðardal. Íbúð. (yfir sumartímann)- *Nýtt.*
- Stekkjarhvammi 9b, Búðardal. – *Nýtt*
- Skálholt 13, Ólafsvík, íbúð á neðri hæð.- *Nýtt*
- Jaðar 15, Arnarstapa. Frístundahús. – *Nýtt*
- Berugata 26, Borgarnesi. Íbúð, efri hæð. – *Nýtt*
- Dvergholt 22, í landi Galtarholts 3. Frístundahús- *Nýtt*
- Brákarbraut 6, Borgarnesi. 1 gistiherbergi. – *Nýtt*

Heilbrigðisnefnd staðfestir ofangreind starfsleyfi.

7. Skráning matjurtaframleiðanda.

Rófuframleiðsla Stafholtsveggjum Borgarfirði.

Lagt fram.

8. Tóbakssöluleyfi. Gildir í 4 ár.

Olíuverslun Íslands, Aðalgötu 25, Stykkishólmi.

Heilbrigðisnefnd staðfestir starfsleyfið.

9. Umsagnir til sýslumanns – Rekstrarleyfi veitinga- og gististaða.

- Gistihúsið Langaholt ehf. Gistihúsið Langaholt Snæfellsbæ. Stækkun, nýtt húsnæði. - *Breytt leyfi.*
- Sóltún 2, Hvanneyri. Gisting, íbúð. – *Endurnýjun.*
- Utan ehf, Hellisbraut 10, Hellissandi, Svörtuloft, 2 gistiíbúðir. – *Endurnýjun.*
- Sævar SH243 Hamrahlíð 9, Grundarfirði. Gisting á einkaheimili/ „Minna gistiheimili“. *Breytt leyfi.*
- Félagsbúið Miðhrauni II sf, Miðhrauni II, Eyja-og Miklaholtshreppi. Gististaðir: Gamla íbúðarhúsið (6 gistiherbergi), frístundahús og 3 gistiíbúðir í raðhúsi. – *Nýtt* (í bið eru vegna ferðaþjónustu á Miðhrauni, gististaður í eldra starfsmannahúsi og íbúðarhús á Lynghaga)
- Hvítáarkot, Hvítárvöllum, Borgarbyggð. Frístundahús. – *Nýtt*
- Hinni Lár ehf. Þursstaðir, Mýrum, Borgarbyggð. Íbúðargisting. - *Nýtt*

Vatnsendahlíð 218, Skorradal. Frístundahús. – *Hafnað að óbreyttu.*

Kaldilækur Kaffihús- Ólafsvík – *Hafnað að óbreyttu.*

Heilbrigðisnefnd staðfestir ofangreindar umsagnir

10. Umsagnir til sýslumanns vegna tækisfærisleyfa.

- Félagsheimilið Brautatunga, þorablót 18. febrúar s.l, Ungmennafélagið Dagrenning.
- Félagsheimilið Lyngbrekka, „boðsskemmtun“ 7. apríl n.k. Kvenfélag Hraunhrepps.
- Hjálmaklettur Borgarnesi. Samkoma HB Granda 24. mars s.l. Veislur og viðburði ehf.
- Reiðhöllin Vindási, Faxaborg Borgarnesi. Björkvöld 25. mars s.l. Hrossaræktarsamband Vesturlands.

Lagt fram.

11. Aðrar umsagnir.

Borgarbyggð, vegna aðal- og deiliskipulags fyrir Borgarbraut 55-59, Borgarnesi.

Lagt fram.

12. Önnur mál

- **Mengunaróhapp á Grundartanga 20. febrúar – Klafi-**

Glussaolía fór niður á bryggju á Grundartanga eftir að bilun kom upp í gámalýftara.

Framkvæmdastjóri greindi frá viðbrögðum vegna óhappsins og hvaða aðilar voru upplýstir um óhappið.

Ljós er að skoða þarf viðbragðsáætlanir á hafnarsvæðinu á Grundartanga, þar sem ekki var farið að settum reglum varðandi tilkynningar til Umhverfisstofnunar um málið.

Framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir.

- **Mengunaróhapp hjá OR við kaldvatnsborun við Rauðsgil Reykholtsdal.**

Eldur kom upp í dælu við tilraunaborun á Rauðsgili.

Framkvæmdastjóri greindi frá óhappinu og viðbrögðum OR.

- **Kært umhverfismál á Vestfjörðum. Saksóknari hafnar kæru.**

Framkvæmdastjóri greindi frá málinu og forsendum saksóknara vegna höfnunar á kæru.

Lagt fram.

- **Loftgæði á Íslandi.** Skýrsla Ríkisendurskoðunar til Alþingis, 2016.

Lagt fram.

- **Elkem Grundartanga.** Umhverfis- og auðlindaráðuneyti – undanþága til Elkem frá 2. mars 2017.

Lagt fram.

- **Flæðigryfja Grundartanga.** Skipulagsstofnun – ákvörðun um matskyldu, 23.mars 2017.

Lagt fram.

- **Hurðarbak Svínadal, alifuglabú.** – Skipulagsstofnun ákvörðun um matsáætlun, 27. febrúar 2017.

Lagt fram.

- **Úrskurður -HB Grandi Fiskþurrkun, Akranes. -Starfsleyfi**

Úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (UUA) vegna kæru á ákvörðun Heilbrigðisnefndar Vesturlands um að veita starfsleyfi til fiskþurrkunar HB Granda. Kröfu vísað frá samkvæmt úrskurðinum frá 23. mars 2017.

Lagt fram.

-**Aðalfundur HEV** verður haldinn 29. mars 2017 kl. 11:15, Hótel Hamri, Borgarnesi.

Stjórnarmönnum er heimilt að sækja fundinn.

Næsti fundur áætlaður: mánudaginn 22. maí 2017

Fundi slitið: 18:30